



Vestfjarðastofa

Alþingi

Atvinnuveganefnd

sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

Ísafirði 28. febrúar 2023

*Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um raforkulög (viðbótarkostnaður), 536. mál.*

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn.

Þess er farið á leit við atvinnuveganefnd að könnuð sé áhrif frumvarpsins á uppbyggingu og rekstur dreifveitu Orkubús Vestfjarða og á flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum.

Hafa ber í huga að staða raforkuinnviða á Vestfjörðum hefur um áratuga skeið verið til muna verri en almennt gerist í landinu. Fjöldi úttekta á ástandi kerfisins liggja fyrir, nú síðast í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um úrbætur í orkumálum á Vestfjörðum<sup>1</sup>.

Lýst er áhyggjum að hér geti verið hætt á því að kostnaði við nýjar teningar, sé í meira mæli velt yfir á raforkukaupendur á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum, sökum þess að flutningskerfið á Vestfjörðum nær ekki almennu viðmiði. Eins er áhugavert að fá úttekt á því hvert þetta almenna viðmið er og hvernig það verði ákvarðað. Í þessu samhengi hræða sporin varðandi neikvæð áhrif setningu raforkulaga árið 2003 fyrir samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum sökum nýrra viðmiða um kostnað við orkudreifingu.

Í annan stað að tekið verði til skoðunar hvort hætt sé á að ákvæði frumvarpsins setji í uppnám úrvinnslu og framkvæmd á tillögum í skýrslu framangreinds starfshóps umhverfis- orku og loftlagsráðherra. Dæmi sem mætti taka hér til skoðunar, hvort ákvæði frumvarpsins raska áformum Kalkþörungaverksmiðju í Súðavík og eins má almennt með stöðu flutningskerfis raforku til Súðavíkur sem er löngu úrelt og afskrifað.

Í þriðja lagi að taka til skoðunar áhrif ákvæða frumvarpsins með tilliti til áherslur stjórnvalda um mikilvægi orkuskipta jafnt hjá atvinnulífi og almennra notenda, sem lið í að ná loftlagsmarkmiðum stjórnvalda. Skýrt dæmi hér er vinna sem er í gangi um orkuskipti í fiskeldi, þar sem leggja þarf nýja flutningsstrengi til að koma orku til sjókvíaldissvæða. Áhugavert er frá úr því skorði hvort sá kostnaður teljist viðbótarkostnaður, sem geti þá dregið úr vilja til að koma verkefninu í framkvæmd og rekast þar með á við áherslur í loftlagsmálum.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um frumvarpið síðari stigum.

f.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal\\_Vestfjarda\\_skyrsla\\_2022.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf)